

AUGLÝSING

um bókun 6 við almennan samning um forréttindi og friðhelgi Evrópuráðsins.

Hinn 4. nóvember 1998 var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunar 6 við almennan samning frá 2. september 1949 um forréttindi og friðhelgi Evrópuráðsins sem gerð var í Strassborg 5. mars 1996, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 83, þar sem almenni samningurinn er birtur, auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 99/1955 Samninga Íslands við erlend ríki nr. 84 og 85 og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1971 og 23/1995. Bókunin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 5. desember 1998.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

BÓKUN NR. 6

við almennan samning um forréttindi og friðhelgi Evrópuráðsins.

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirritað hafa bókun þessa,

sem skírskota til sammingsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem undirritaður var í Róm hinn 4. nóvember 1950 (hér eftir nefndur „sáttmálinn“);

sem skírskota til viðbótarsamnings nr. 11 við sáttmálann varðandi eftirlitskerfi sáttmálans sem undirritaður var í Strassborg hinn 11. maí 1994 (hér eftir nefndur „viðbótarsamningur nr. 11 við sáttmálann“) sem stofnar fastan Evrópuðómstól

SIXTH PROTOCOL

to the General Agreement on Privileges and Immunities of the Council of Europe

The member States of the Council of Europe, signatories hereto,

Having regard to the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms, signed at Rome on 4 November 1950 (hereinafter referred to as “the Convention”);

Having regard to Protocol No. 11 to the Convention, restructuring the control machinery established thereby, signed at Strasbourg on 11 May 1994 (hereinafter referred to as “Protocol No. 11 to the Convention”), which estab-

í mannréttindamálum (hér eftir nefndur „dómstóllinn“) til að koma í stað Mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu;

sem sömuleiðis skírskota til 51. gr. sáttmálans sem tilgreinir að dómurar njóti þeirra forréttinda og friðhelgi, sem kveðið er á um í 40. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og samningum sem gerðir eru samkvæmt henni, er þeir rækja störf sín;

sem hafa í huga almennan samning um forréttindi og friðhelgi Evrópuráðsins sem undirritaður var í París hinn 2. september 1949 (hér eftir nefndur „almenni samningurinn“), og bókanir nr. 2, 4 og 5 við hann;

sem telja að ný bókun við almenna samninginn sé æskileg til að veita dómurunum við dómstólinn forréttindi og friðhelgi;

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Auk þeirra forréttinda og friðhelgi sem tilgreind eru í 18. gr. almenna samningsins skulu dómurum, mökum þeirra og ólögráða börnum veitt þau forréttindi og friðhelgi og þær undanþágur og þægindi sem veitt eru stjórnararindrekum að þjóðarétti.

2. gr.

Að því er þessa bókun varðar merkir hugtakið „dómurar“ dómara sem kjörnir eru skv. 22. gr. sáttmálans sem og sérhvern dómara sem settur er tímabundið af viðkomandi aðildarríki skv. 2. mgr. 27. gr. sáttmálans.

3. gr.

Til að tryggja dómurunum óskorað málfrelsi og fullkomið sjálfstæði í störfum sínum skal friðhelgi þeirra að því er varðar málsókn vegna ummæla í ræðu eða riti og allra athafna þeirra við framkvæmd starfa þeirra haldast enda þótt viðkomandi gegni ekki lengur slíkum störfum.

4. gr.

Forréttindi og friðhelgi eru ekki veitt dómurum þeim til persónulegra hagsbóta heldur til að vernda sjálfstæði þeirra í störfum. Eingöngu dómstóllinn fullskipaður er bær til þess að svipta dómara friðhelgi og hann hefur ekki einungis rétt til þess heldur er honum skylt að svipta dóm-

lishes a permanent European Court of Human Rights (hereinafter referred to as “the Court”) to replace the European Commission and Court of Human Rights;

Also having regard to Article 51 of the Convention which specifies that judges are entitled, during the discharge of their functions, to the privileges and immunities provided for in Article 40 of the Statute of the Council of Europe and in the agreements made thereunder;

Recalling the General Agreement on Privileges and Immunities of the Council of Europe, signed at Paris on 2 September 1949, (hereinafter referred to as “the General Agreement”), and its Second, Fourth and Fifth Protocols;

Considering that a new Protocol to the General Agreement is advisable to accord privileges and immunities to the judges of the Court;

Have agreed as follows:

Article 1

In addition to the privileges and immunities specified in Article 18 of the General Agreement, judges shall be accorded in respect of themselves, their spouses and minor children the privileges and immunities, exemptions and facilities accorded to diplomatic envoys in accordance with international law.

Article 2

For the purposes of this Protocol, the term “judges” means judges elected in accordance with Article 22 of the Convention as well as any ad hoc judge appointed by a State Party concerned in pursuance of Article 27, paragraph 2, of the Convention.

Article 3

In order to secure for the judges complete freedom of speech and complete independence in the discharge of their duties, the immunity from legal process in respect of words spoken or written and all acts done by them in discharging their duties shall continue to be accorded, notwithstanding that the persons concerned are no longer engaged in the discharge of such duties.

Article 4

Privileges and immunities are accorded to judges not for the personal benefit of the individuals themselves but in order to safeguard the independent exercise of their functions. The plenary Court alone shall be competent to waive the immunity of judges; it has not only the right,

ara friðhelgi í tilvikum þar sem hann telur að friðhelgin myndi hefta framgang réttvísinnar og þar sem unnt er að svipta friðhelgi án þess að skaða tilgang hennar.

5. gr.

1. Ákvæði 1., 3. og 4. gr. þessarar bókunar skulu gilda um ritara dómsins og aðstoðarritara sem formlega er tilkynntur aðildarríkjum sáttmálans sem starfandi ritari.

2. Ákvæði 3. gr. þessarar bókunar og 18. gr. almenna samningsins skulu gilda um aðstoðarritara dómsins.

3. Forréttindi og friðhelgi skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar eru ekki veitt ritara og aðstoðarritara þeim til persónulegra hagsbóta heldur til að auðvelda þeim að rækja störf sín. Eingöngu dómstóllinn fullskipaður er bær til þess að svipta ritara og aðstoðarritara friðhelgi og hann hefur ekki einungis rétt til þess heldur er honum skylt að svipta ritara og aðstoðarritara friðhelgi í tilvikum þar sem hann telur að friðhelgin myndi hefta framgang réttvísinnar og þar sem unnt er að svipta friðhelgi án þess að skaða tilgang hennar.

4. Með samþykki forseta dómstólsins er aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins heimilt að svipta öðru starfslíði skrifstofu dómstólsins friðhelgi samkvæmt ákvæðum 19. gr. almenna samningsins, enda hafi hann hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 3. mgr.

6. gr.

1. Skjöl og gögn dómstólsins, dómara og skrifstofu dómstólsins eru friðhelg að því leyti sem þau varða starfsemi dómstólsins.

2. Ekki má hefta eða ritskoða opinber bréfaskipti eða önnur opinber boðskipti dómstólsins, dómara eða skrifstofu dómstólsins.

7. gr.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja Evrópuráðsins sem undirritað hafa almenna samninginn og geta þau lýst samþykki sínu til að vera bundin af henni með:

a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða

but is under a duty, to waive the immunity of a judge in any case where, in its opinion, the immunity would impede the course of justice, and where it can be waived without prejudice to the purpose for which the immunity is accorded.

Article 5

(1) The provisions of Articles 1, 3 and 4 of this Protocol shall apply to the Registrar of the Court and a Deputy Registrar formally notified as Acting Registrar to the States Parties to the Convention.

(2) The provisions of Article 3 of this Protocol and Article 18 of the General Agreement shall apply to a Deputy Registrar of the Court.

(3) The privileges and immunities referred to in paragraphs 1 and 2 of this Article are accorded to the Registrar and a Deputy Registrar not for the personal benefit of the individuals themselves but to facilitate the discharge of their duties. The plenary Court alone shall be competent to waive the immunity of its Registrar and a Deputy Registrar; it has not only the right, but is under a duty, to waive such immunity in any case where, in its opinion, the immunity would impede the course of justice, and where it can be waived without prejudice to the purpose for which the immunity is accorded.

(4) The Secretary General of the Council of Europe shall be competent to waive, with the agreement of the President of the Court, the immunity of other staff members of the registry in accordance with the provisions of Article 19 of the General Agreement and having due regard to the considerations set out in paragraph 3.

Article 6

(1) Documents and papers of the Court, judges and registry, in so far as they relate to the business of the Court, shall be inviolable.

(2) The official correspondence and other official communications of the Court, judges and the registry may not be held up or subjected to censorship.

Article 7

(1) This Protocol shall be open for signature by member States of the Council of Europe signatories to the General Agreement, which may express their consent to be bound by:

(a) signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or

b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, ásamt eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.

2. Skjölum um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skal komið í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

8. gr.

1. Bókun þessi öðlast gildi fyrsta dag þess mánuðar sem hefst þegar liðinn er einn mánuður frá þeim degi er þrír aðilar að almenna samningnum hafa lýst samþykki sínu til að vera bundnir af bókuninni samkvæmt ákvæðum 7. gr. eða þann dag sem viðbótarsamningur nr. 11 við sáttmálann öðlast gildi, hvorn daginn sem síðar ber að.

2. Að því er varðar aðildarríki að almenna samningnum, sem síðar undirritar bókun þessa án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki eða fullgildir, staðfestir eða samþykkir hana, öðlast bókunin gildi þegar liðinn er einn mánuður frá þeim degi er slík undirritun fer fram eða frá þeim degi sem skjali um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki er komið í vörslu.

9. gr.

1. Sérhvert ríki getur, við undirritun sína án fyrirvara um fullgildingu, við fullgildingu sína eða hvenær sem er síðar lýst því yfir með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að bókun þessi nái til allra eða sérhvers þeirra landsvæða sem það er ábyrgt fyrir að því er utanríkismál varðar og þar sem sáttmálinn og viðbótarsamningar við hann gilda.

2. Bókun þessi skal ná til þess landsvæðis eða þeirra landsvæða sem tilgreind eru í tilkynningunni frá þrítugasta degi eftir að aðalframkvæmdastjórans berst slík tilkynning.

3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gerð er skv. 1. mgr., má, að því er varðar sérhvert landsvæði sem tilgreint er í slíkri yfirlýsingu, afturkalla eða breyta með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin eða breytingin skal taka gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst þegar liðinn er einn mánuður frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóranum berst slík tilkynning.

(b) signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval.

(2) Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 8

(1) This Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of one month after the date on which three Parties to the General Agreement have expressed their consent to be bound by the Protocol in accordance with the provisions of Article 7 or on the date of entry into force of Protocol No. 11 to the Convention, whichever is the later.

(2) As regards any State Party to the General Agreement which shall subsequently sign this Protocol without reservation in respect of ratification, acceptance or approval or which shall ratify, accept or approve it, this Protocol shall enter into force one month after the date of such signature or after the date of deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 9

(1) Any State may, at the time of its signature without reservation in respect of ratification, of its ratification or at any time thereafter, declare, by notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe, that the present Protocol shall extend to all or any of the territories for whose international relations it is responsible and where the Convention and its Protocols apply.

(2) The Protocol shall extend to the territory or territories named in the notification as from the thirtieth day after the receipt of this notification by the Secretary General of the Council of Europe.

(3) Any declaration made pursuant to paragraph 1 may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn or modified by a notification addressed to the Secretary General. The withdrawal or modification shall become effective on the first day of the month following the expiration of one month after the receipt of notification by the Secretary General.

10. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum ráðsins um:

- a. sérhverja undirritun;
- b. afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki;
- c. sérhvern gildistökudag bókunar þessarar skv. 8. gr. og 9. gr.;
- d. sérhvern annan gerning, tilkynningu eða orðsendingu sem bókun þessa varðar.

Þessu til staðfestingar hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Strassborg hinn 5. mars 1996 á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðsins.

Article 10

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of:

- (a) any signature;
- (b) the deposit of any instrument of ratification, acceptance or approval;
- (c) any date of entry into force of this Protocol in accordance with Articles 8 and 9;
- (d) any other act, notification or communication relating to this Protocol.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Strasbourg, this 5th day of March 1996, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe.